

Fimmtudaginn 12. mars 1998.

Nr. 464/1997.

Ákærvaldið

(Bogi Nilsson ríkissaksóknari)

gegn

Magnúsi Herði Valdimarssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Klám. Ávana- og fíkniefni. Áfengislagabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar í samræmi við yfirlýsingu ákærða um áfrýjun og einnig af hálfu ákærvalds með stefnu 6. nóvember 1997. Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að refsing ákærða verði þyngd frá því, sem ákveðið var í héraðsdómi.

Ákærði krefst sýknu af sakargiftum samkvæmt I. kafla ákæru, en að öðru leyti, að refsing verði milduð.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður fallist á, að þátttaka ákærða í starfsemi félagsins S. T. Á. ehf. og myndbandaleigu, sem það rak að Álfhólsvegi 32 í Kópavogi, hafi verið með þeim hætti, að á hann geti fallið refsíabyrgð samkvæmt 2. mgr., sbr. 1. mgr. 210. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, vegna útleigu eða láns á þeim myndbandsspólum, sem um ræðir í málinu.

Samkvæmt gögnum málsins leitaði dómsformaður í héraði eftir því við sækjanda þess og verjanda í þinghaldi 10. júní 1997, að þeir reyndu að ná samkomulagi um, hvað nauðsynlegt væri að skoða fyrir dómi af þeim 102 myndbandsspólum, sem taldar eru upp í I. kafla ákæru, og að hve miklu leyti leggja mætti til grundvallar skýrslu lögreglunnar í Kópavogi 18. desember 1996 um skoðun á spólunum. Í þinghaldi 24. júní 1997 var lagt fram bréf sýslumannsins í Kópavogi til dómsformannsins, þar sem sagði meðal annars eftirfarandi: „Sækjandi og verjandi hafa sammælst um, að sýnt verði eitt myndskaið eða fleiri eftir mati dómsins úr hverri eftirtalinna meintra klámkvikmynda í næstu fyrirtöku málsins.“ Í framhaldi þessara ummæla voru taldar upp í bréfinu níu tilteknar myndbandsspólur með ákveðnum myndskaiðum, sem lagt var til, að skoðuð yrðu, en tekið

var fram, að sækjandi málsins hefði valið fjórar af þessum spólum til sýningar og verjandi ákærða fimm. Verjandinn, sem var viðstaddur þinghaldið, gerði engar athugasemdir um efni bréfsins. Á dómþingi 19. ágúst 1997 skoðaði síðan héraðsdómur umræddar níu myndbandsspólur að viðstöddum sækjanda, ákærða og verjanda hans. Engar athugasemdir voru þar gerðar vegna þessarar tilhögunar á sönnunarfærslu. Við aðalmeðferð málsins 12. september 1997, sem ákærði var staddur við, var síðan eftirfarandi fært í þingbók: „Fram kemur, að ágreiningslaust er, að á því megi byggja, að lýsingar á myndskeiðum í skjali nr. 12 á diskj. 4 séu efnislega réttar.“ Tilvitnað skjal er fyrrnefnd lögregluskýrsla 18. desember 1996. Þegar alls þessa er gætt, verður að líta svo á, að ákærði hafi gengist undir að hlíta því, að dómendur í héraði skoðuðu aðeins níu af þeim myndbandsspólum, sem taldar eru upp í I. kafla ákæru, og létu mat sitt á efni þeirra ná einnig til hinna 93 spólnanna með tilliti til lýsingar á tilteknum myndskeiðum þeirra í umræddri lögregluskýrslu. Stóðar því ákærða ekki að bera nú fyrir sig, að ekki hafi verið færð í héraðsdómi viðhlítandi sönnun fyrir efni allra myndbandsspólnanna.

Með framangreindum athugasemdum verður niðurstaða hins áfrýjaða dóms um sakfellingu ákærða samkvæmt I. kafla ákæru staðfest með vísan til forsendna hans. Fyrir Hæstarétti hefur ekki verið leitað endurskoðunar á sakfellingu ákærða fyrir önnur brot, sem greinir í ákæru, og stendur hún því óröskuð.

Í héraðsdómi er lýst sakaferli ákærða, en auk þess, sem þar greinir, var honum árið 1991 gerð áminning lögreglustjóra fyrir brot gegn 2. mgr. 210. gr. almennra hegningarlaga vegna útleigu á myndbandsspólu. Brotum ákærða samkvæmt II. og III. kafla ákæru er jafnframt lýst í héraðsdómi. Þykja þau brot skipta hvað helst máli við ákvörðun refsingar, en varðandi brot samkvæmt I. kafla ákæru verður að líta jöfnum höndum til þess, að þau voru drýgð í atvinnustarfsemi og að myndbandsspólurnar, sem þar um ræðir, voru ekki hafðar aðgengilegar viðskiptamönnum myndbandaleigunnar og munu ekki hafa staðið börnum eða unglingum til boða. Að öllu þessu gættu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin í héraðsdómi.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað og upptöku verða

óröskuð. Ákærði verður dæmdur til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Héraðsdómur skal vera óraskaður.

Ákærði, Magnús Hörður Valdimarsson, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmar Ingimundarsonar hæstaréttarlögmans, 50.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 1. október 1997.

Björn Helgason saksóknari gaf út ákæru í máli þessu 20. maí sl., og var málið höfðað með birtingu hennar fyrir ákærða 28. maí. Það var þingfest 10. júní. Tekið var það til dóms að lokinni aðalmeðferð 12. september sl.

Ákærður er Magnús Hörður Valdimarsson, kt. 161156-3379, Hátröð 5, Kópavogi, „fyrir eftirtalin brot gegn hegningar- og áfengislögum og lögum um ávana- og fíkniefni:

I.

Fyrir að hafa á tímabilinu frá 1. september til 1. nóvember 1996 haft til láns og leigu eftirtaldar kvikmyndir með klámfengnu efni í myndbandaleigu sinni, S. T. Á. ehf., Álfhólsvegi 32, Kópavogi, en á öllum myndunum, sem lögregla lagði hald á við húsleit 1. nóvember 1996, er meginmyndefnið klámfengin atriði, þar sem lögð er áhersla á að sýna með lostafullum hætti kynfæri karla og kvenna í margs konar kynmökum:

— — —

Telst þetta varða við 2. mgr. 210. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II.

Fyrir brot á áfengislögum með því að hafa í októbermánuði 1996 bruggað 200 lítra af áfengisvökva (gambra) með 13% vínandamagni á heimili sínu að Hátröð 5 í Kópavogi, sem hald var lagt á við húsleit lögreglu föstudaginn 1. nóvember 1996.

Telst þetta varða við 2. mgr. 7. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. 2. gr. laga nr. 38/1988 og sbr. 5. gr. laga nr. 52/1978.

III.

Fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni með því að hafa haft í vörslum sínum 6 gr af amfetamíni og 12,8 gr af hassi, er fundust við líkamsleit á ákærða og húsleit lögreglu að Álfhólsvegi 32 og Hátröð 5 í Kópavogi föstudaginn 1. nóvember 1996.

Telst þetta varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75/1982, sbr. lög nr. 13/1985 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 16/1986 um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna, sbr. reglugerð nr. 177/1986, sbr. auglýsingu nr. 84/1986.

IV.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til að sæta uppþöku á ofangreindum 102 myndböndum samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og jafnframt að sæta uppþöku á eftirtöldum efnum og tækjum samkvæmt 8. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. 3. gr. laga nr. 38/1988, 3. gr. laga nr. 94/1995, 5. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 16/1986, sem lagt var hald á við húsleit að Álfhólsvegi 32 og Hátröð 5 í Kópavogi:

plasttunnu með 200 lítrum af áfengisvökva (gambra),
eins lítra plastbrúsa með botnfylli af ólöglegu áfengi (landa),
eimingartæki, ætluðu til eimingar á áfengisvökva (gambra),
kolasíu, ætlaðri til síunar á eimuðu áfengi,
6 gr af amfetamíni,
12,8 gr af hassi,
tveimur pípum, ætluðum til hassreykinga,
tveimur skralltoppum, ætluðum til hassreykinga.“
Svo segir í ákæruskjali.

Fyrir dóminum krafðist sækjandi þess, að ákærði yrði dæmdur til að greiða allan sakarkostnað, þ. m. t. saksóknarlaun í ríkissjóð.

Verjandi ákærða krafðist þess aðallega, að ákæru í I. hluta ákæruskjals yrði vísað frá dómi og málskostnaður yrði greiddur úr ríkissjóði.

Til vara krafðist verjandi þess, að ákærði yrði sýknaður af I. hluta ákæru og málskostnaður yrði dæmdur í ríkissjóð.

Til þrautavara krafðist verjandi þess, að ákærði yrði dæmdur til vægustu refsingar, sem lög heimila, fyrir brot skv. I. hluta ákæruskjals.

Um II. og III. hluta ákæruskjals gerði verjandi sömu kröfu og í þrautavarakröfu um I. hluta hér að framan.

Verjandi krafðist málflutningsþóknunar sér til handa.

Um II. og III. hluta ákæru.

Við þingfestingu málsins játaði ákærði afdráttarlaust brot sín samkv. II. og III. hluta ákæruskjals, eins og þeim er þar lýst. Játningar hans fá stuðning af öðrum sakargögnum. Hann er sannur að sök. Brot hans eru í ákæru rétt færð undir lagaákvæði.

Um I. hluta ákæru.

Við þingfestingu var þetta bókað í þingbók um afstöðu ákærða til I. hluta ákæru:

„Ákærði viðurkennir þá atvikalýsingu I. hluta ákæru rétta, að hann hafi haft á myndbandaleigu sinni til láns og leigu þær kvikmyndir sem þar eru taldar. Hann neitar hins vegar sakargiftum, þar sem hann telur háttsemi sína ekki brot á almennum hegningarlögum.“

Þegar þetta lá fyrir ásamt játningum ákærða á brotum skv. II. og III. hluta ákæru, lýsti dómari yfir, að II. hluta og III. hluta ákæru mætti taka til dóms skv. 125. gr. laga nr. 19/1991 og að rétt væri, að fram færi aðalmeðferð um I. hluta ákæru, og yrði málsmeðferð takmörkuð við það, hvort háttsemi ákærða teldist saknæm skv. 2. mgr. 210. gr. almennra hegningarlaga, en auk þess tjáðu sækjandi og verjandi sig um lagaatriði og viðurlög vegna II. og III. hluta ákæru. Að svo búnu ákvað dómari að kveðja til sérfróða meðdómendur.

Við aðalmeðferð kom fram hjá ákærða, að hann væri ekki starfsmaður myndbandaleigu S. T. Á. ehf. og væri þar ekki á launaskrá. Hann kvaðst að vísu hafa séð um að útvega þær kvikmyndir, sem ákært er fyrir, en ekki séð um að leigja þær út. Ákærði kvaðst eiga hlut í félaginu og vera þar í stjórn. Í skýrslu, sem ákærði gaf fyrir lögreglu 1. nóvember 1996 og hann staðfesti fyrir dóminum, sagði hann, að hluthafar væru Elín, sambýliskona sín, Rúnar Þór Jóhannsson, sonur sinn, hann sjálfur, Þorbjörn Gissurarson og Dagrún Kristinsdóttir, tengdaforeldrar sínir. Tengdaforeldrarnir ættu 50% á móti fjölskyldu ákærða. Þorbjörn Gissurarson væri framkvæmdastjóri. Fyrir dómi sagði ákærði, að Þorbjörn og Elín hefðu prókúruumboð.

Ákærði kvaðst fyrir dómi hafa annast innkaup á myndbandsspólum launalaust. Hann hefði verið einn um innkaup á þeim kvikmyndum, sem ákært er fyrir.

Ákærði sagði aðspurður, að hann hefði ekki horft sjálfur á allar þær kvikmyndir, sem taldar eru í ákæru, en einhvern hluta, kannski 10 – 20 spólur. Hann sagði, að sér hefði fundist þar lýst ósköp eðlilegu kynlífi.

Um geymslu á myndbandsspólunum á myndbandaleigunni sagði ákærði, að þær hefðu ekki legið frammi fyrir almenning, þar sem um væri að ræða

efni, sem væri bannað frammi fyrir almenningi. Á spólunum standi yfirleitt, að bannað sé að hafa myndirnar til sýnis fyrir yngra fólk en 18 ára. Hann sagði þó, að annars konar myndir, sem bannaðar væru yngra fólki en 16 ára, væru hafðar frammi í hillum í myndbandaleigunni. Þeirra á meðal væru svokallaðar „ljósbláar myndir“. Myndirnar, sem ákært væri fyrir, væru „að-eins meira en ljósbláar“.

Ákærði var spurður, hvort hann hefði gert sér grein fyrir, að um ólöglegt efni væri að ræða. Hann kvaðst telja, að maður mætti kaupa slíkt efni fyrir sjálfan sig. Hann viðurkenndi, að hann hefði keypt inn myndirnar, til að þær yrðu leigðar út. Hann kvaðst ekki hafa ráðið því eða borið ábyrgð á því, hvernig myndirnar voru geymdar eða leigðar út.

Ákærði bar, að myndirnar hefðu verið keyptar inn fyrir reikning S. T. Á. ehf. og félagið væri eigandi þeirra.

Í skýrslu sinni fyrir lögreglu 1. nóvember 1996 sagði ákærði um myndirnar, sem lögregla lagði hald á, sbr. I. hluta ákæru, að þetta væru svokallaðar „bláar“ myndir. Hann vildi ekki flokka þær sem klámmyndir eða mjög grófar myndir. Þetta væru mjög svipaðar myndir og verið væri að sýna á Stöð 2. Myndbönd þessi væru leigð út í söluturninum S. T. Á., og það væri ákveðinn hópur „kúnna“, sem tækju á leigu þessi myndbönd. Í skýrslunni segir enn fremur:

„Mætti er spurður, hvaða aldurstakmark hann sé með á leigu á þessum myndböndum og hvað hann leigi spóluna út á. Mætti segir, að aldurstakmarkið til leigu þessara myndbanda sé 18 ára og leiguverð sé 350 kr. fyrir spóluna. Mætti segir, að það sé eingöngu fullorðið fólk, sem leigi þessar myndir, og kveðst mætti ekki vita til, að fólk undir tvítugu hafi leigt myndirnar.“

Sigrún Dögg Sigurðardóttir, f. 1976, gaf skýrslu fyrir lögreglu 17. desember 1996, sem hún staðfesti fyrir dómi. Hún sagði í skýrslu sinni, að hún hefði starfað við afgreiðslu í söluturni S. T. Á., Álfhólsvegi 32. Hún sagði, að sér hefði verið ljóst, að þarna hefði verið stunduð útleiga á klámmyndböndum; þau hefðu verið til leigu allan þann tíma, sem hún hefði starfað þarna. Hún kvaðst hafa unnið þarna í þrjá mánuði. Orðrétt er skráð í skýrsluna:

„Sigrún segir, að þessi útleiga sé þannig, að viðskiptavinurinn verði að spyrja um þessi klámmyndbönd sérstaklega. Þau liggi ekki frammi í almenningi afgreiðslu vídeóleigunnar. Spyrji „kúnninn“ um þessi myndbönd, fær hann afhenta möppu með því efni, sem er á boðstólum, fær að fara afsíðis í vídeóleigunni og getur þar skoðað möppuna og valið sér efni. Hún segir, að hver sem er geti leigt þetta efni, ef hann hefur náð 20 ára aldri. Efni þetta sé ekki bundið við neinn ákveðinn viðskiptamannahóp.“

Vitnið sagði, að þessi ætluðu klámmyndbönd væru leigð út á 300 kr. eða 350 kr., hún væri ekki alveg viss um, hvort verðið gildi.

Fyrir dómi bar vitnið Sigrún Dögg, að ákærði hefði komið öðru hverju á myndbandaleiguna, svo til daglega. Hann hefði þó ekki haft þar ákveðið hlutverk, en fyrir hefði komið, að hann hefði gripið í afgreiðslu. Hún kvaðst ekki hafa litið á ákærða sem yfirmann sinn.

Skoðunarskýrsla á 63 blaðsíðum er meðal málsskjala. Hún er saman tekin af fjórum lögreglumönnum og einum fulltrúa sýslumannsins í Kópavogi. Þrír lögreglumennanna komu fyrir dóm sem vitni, þeir Haraldur Haraldsson og Páll Sigurðsson rannsóknarlögreglumenn og Guðmundur I. Ingason aðstoðarvarðstjóri. Þeir lýstu því, hvernig skoðunin fór fram. Tveir menn skoðuðu hverja myndspólu. Hraðspólað var yfir efnið, uns kom að myndskeiði, sem skoðunarmenn töldu klámfengið. Lýst er í skýrslunni myndskeiðum úr öllum myndunum, sem taldar eru upp í I. hluta ákæru. Myndskeiðin, sem lýst er fyrir hverja mynd, eru frá þremur upp í 11, fyrir eina mynd þó 12 og eina 41.

Við aðalmeðferð var bókað í þingbók, að ágreiningslaust væri, að því mætti treysta, að lýsingar á myndskeiðum í skoðunarskýrslu þessari væru efnislega réttar.

Við þingfestingu málsins óskaði dómari eftir því, að sækjandi og verjandi reyndu að ná samkomulagi um, hvaða myndspólur væri nauðsynlegt að skoða fyrir dómi og að hve miklu leyti leggja mætti til grundvallar þá skoðunarskýrslu, sem frammi lægi. Í framhaldi þessa lögðu sækjandi og verjandi fram sem dómskjal lista yfir níu myndbönd, sem þeir óskuðu eftir, að skoðuð yrðu ákveðin myndskeið úr. Valdi sækjandi fjórar myndir, en verjandi fimm. Úr þessum níu myndum voru skoðuð 14 myndskeið í þinghaldi 19. ágúst sl. Fer hér á eftir skrá yfir númer og heiti kvikmyndanna, tímasetningu myndskeiða, og fylgja lýsingar á myndskeiðunum:

— — —

Forsendur og niðurstöður.

Í dómi sakadóms Reykjavíkur 28. febrúar 1990 í málinu nr. 124/1990: Ákæruvaldið gegn Jóni Óttari Ragnarssyni, en sá dómur var staðfestur í Hæstarétti 3. október 1990, er tilgreind skilgreining sérfræðinganeftar Menningarstofnunar Sameinuðu þjóðanna á klámi. Í forsendum dómsins segir: „Af hálfu sérfræðinganeftar Menningarstofnunar Sameinuðu þjóðanna var í mars 1986 gerður greinarmunur á hugtökunum klámi (pornografía) og kynþokkalist (erotika), þannig, að klám var skilgreint sem ögrandi framsetning á kynlífi í auðgunartilgangi, án ástar, blíðu eða ábyrgðar,

en kynþokkalist sem bókmenntaleg eða listræn tjáning ástar.“ Dómendur telja, að við þessa skilgreiningu megi styðjast, þegar metið er, hvort myndbönd þau, sem ákært er fyrir dreifingu á í þessu máli, innihaldi klám.

Að mati dómenda eru öll þau myndskeið, sem þeir skoðuðu og lýst er hér að framan, klámfengin, þó að misgróf séu. Hið sama gildir um öll þau myndskeið, sem lýst er í fyrrgreindri skoðunarskýrslu, en þar er lýst myndskeiðum úr öllum þeim myndböndum, sem ákært er út af. Lögð er áhersla á að sýna kynfæri og kynmök og sjálfsfróun á ögrandi hátt. Ögrunin felst m. a. í því, að myndskeið eru dregin á langinn, kynfæri sýnd í nærmynd við kynmök og sjálfsfróun og stundum lögð áhersla á afbrigðileg kynmök. Klámið er þó ekki af grófasta tagi; á myndböndunum virðist ekki að finna barna- eða dýrklám eða klám tengt grófu ofbeldi. Að mati dómenda örlaði ekki á kynþokkalist í þeim myndskeiðum, sem þeir skoðuðu. Að þeirra mati er augljóst, að framleiðsla myndbandanna í máli þessu hefur ekki listrænan eða fagurfræðilegan tilgang, heldur eru þau einungis gerð í hagnaðarskyni. Dómendur telja, að í öllum myndböndum málsins sé klám, sem falli undir ákvæði 2. mgr. 210. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Við þingfestingu máls þessa játaði ákærði atvikalýsingu I. hluta ákæru rétta, að hann hefði haft „á myndbandaleigu sinni til láns og leigu þær kvikmyndir, sem þar eru taldar“. Við aðalmeðferð játaði hann að hafa einn annast innkaup á myndböndunum og keypt inn myndirnar, til að þær yrðu leigðar út. S. T. Á. ehf. rak myndbandaleiguna. Ákærði er einn hluthafa, en aðrir hluthafar eru sambýliskona hans, sonur og tengdaforeldrar. Ákærði er í stjórn félagsins. Hann var ekki launaður starfsmaður fyrirtækisins, en bar, að hann hefði annast innkaup á myndböndum launalaust. Samkvæmt vætti Sigrúnar Daggar Sigurðardóttur kom hann oft á myndbandaleiguna, svo til daglega, og fyrir kom, að hann greip þar í afgreiðslustörf. Hann var þar öllum hnútum kunnugur.

Af framburði ákærða er sýnt, að hann hefur verið þeirrar skoðunar, að dreifing myndbandanna til almennings væri ólögleg. Þau voru þó leigð út gegn gjaldi, en sýnilegt er, að dreifingin hefur verið takmörkuð að því leyti, að myndböndin voru ekki höfð til sýnis frammi í myndbandaleigunni. Að sögn ákærða var dreifingin takmörkuð við „ákveðinn“ hóp viðskiptavina, en vitnið Sigrún Dögg Sigurðardóttir bar, að hver sem var hefði getað leigt myndböndin, ef hann hefði náð 20 ára aldri. Leigan hefði ekki verið bundin við neinn ákveðinn viðskiptamannahóp.

Dreifing myndbanda þessa máls varðar við 2. mgr., sbr. 1. mgr. 210. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Dómendur telja það hafið yfir allan efa, að ákærði beri ábyrgð á þeirri dreifingu. Kemur þar til játning hans við

þingfestingu á því, að atvikalýsing I. hluta ákæru sé rétt, og játning hans fyrir dómi á því, að hann hafi einn annast innkaup á myndböndunum og komið þeim í myndbandaleiguna, til þess að þau yrðu leigð út. Hann er í stjórn einkahlutafélagsins, sem rekur myndbandaleiguna, kemur svo til daglega á hana og vinnur launalaust við innkaup og ígripavinnu. Hann er því sannur að sök um brot gegn 2., sbr. 1. mgr. 210. gr. almennra hegningarlaga.

Við ákvörðun refsingar ber að hafa hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga. Þá kemur það til refsihækkunar í málinu, að ákærði hefur samkv. fram lögðu sakavottorði tvisvar gengist undir sátt vegna brota á áfengislögum: 11. ágúst 1994, 10.000 króna sekt fyrir brot á 18. grein áfengislaga nr. 82/1969, og 4. ágúst 1995, 25.000 króna sekt fyrir brot gegn 2. mgr. 7. gr. sömu laga. Öðrum refsingum hefur hann ekki sætt, svo að vitað sé.

Refsing ákærða þykir dómendum hæfilega ákveðin 450.000 króna sekt í ríkissjóð, en 55 daga varðhald komi í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan fjögurra vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Uptaka eigna.

Við þingfestingu málsins samþykkti ákærði upptöku þeirra muna, sem krafist er í IV. hluta ákæru, annarra en myndbandanna, sem ákært er fyrir dreifingu á í I. hluta ákæru. Verður hann dæmdur til að þola upptöku á þeim munum.

Ákæruvaldið krefst upptöku á myndböndunum 102 með vísan til 1. tl. 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Í því ákvæði er að finna heimild til að gera upptæka með dómi hluti, sem hafðir hafa verið til að drýgja brot með, nema þeir séu eign manns, sem ekkert er við brotið riðinn. Leggja verður til grundvallar niðurstöðu í þessum þætti máls framburð ákærða um, að S. T. Á. ehf. sé eigandi myndbandanna. Dómendum sýnist augljóst, að félag þetta er við brot ákærða riðið, og er því eignarhald þess á myndböndunum ekki til fyrirstöðu upptöku. Verður því dæmt að kröfu ákæruvaldsins í þessum þætti máls.

Sakarkostnaður.

Dæma ber ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þ. m. t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Ólafs Thóroddsen hdl., og saksóknarlaun í ríkissjóð. Málsvarnarlaun verjanda skulu vera 70.000 krónur auk virðisaukaskatts og saksóknarlaunin 70.000 krónur.

Dóm þennan kveða upp Finnur Torfi Hjörleifsson héraðsdómari, dómsformaður, og meðdómendurnir Laufey Guðjónsdóttir kvikmyndafræðingur og Vilhjálmur Árnason, dósent í heimspeki.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Magnús Hörður Valdimarsson, greiði 450.000 króna sekt í ríkissjóð. Komi 55 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan fjögurra vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Upptækar skulu vera þær 102 myndbandsspólur, sem lögregla lagði hald á við húsleit í myndbandaleigu S. T. Á., Álfhólsvegi 32, Kópavogi, og taldar eru upp í ákæru og í dóminum. Einnig skulu upptækir vera eftirfarandi hlutir í eigu ákærða:

plasttunna með 200 lítrum af áfengisvökva (gambra),
eins lítra plastbrúsi með botnfylli af ólöglegu áfengi (landa),
eimingartæki, ætlað til eimingar á áfengisvökva (gambra),
kolasía, ætluð til síunar á eimuðu áfengi,
6 g af amfetamíni,
12,8 g af hassi,
tvær pípur, ætlaðar til hassreykinga,
tveir skralltoppar, ætlaðir til hassreykinga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ. m. t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ólafs Thóroddsen hdl., 70.000 kr. auk virðisaukaskatts, og saksóknarlaun í ríkissjóð, 70.000 kr.
